

90
28. sept.

SAMÞYKT

um

samgirðingu fyrir norðurhluta Áshrepps austan Vatnsdalsár.

Hreppsnefndin í Áshreppi í Húnavatnssýslu hefir samkvæmt girðingalögnum frá 22. nóv. 1913, gjört eftirfylgjandi samþykt um samgirðingu fyrir jarðirnar Hvamm, Eyjólfssstaði og Bakka.

1. gr.

Girða skal á merkjum milli Hvamms og Hjallalands frá Vatnsdalsá upp í Hjallakletta. Þá skal og girða frá Grenjaklettahorni syðra fram fjallið suður í Bakkabungu, svo trygt sje. Að sunnan sje girt úr Geitagjá ofan fjallið á merkjum milli Hofa og Bakka ofan í engjagirðingu þeirra jarða. Einnig sje girt fyrir gjárnar fyrir ofan Hvamm.

Girðing þessi skal vera fimmþætt gaddavírgirðing eða vírnet, og að öðru leyti eins og krafist er með fullkomna girðingu.

2. gr.

Kostnaði öllum við lagningu girðingarinnar, svo og árlegum viðhaldskostnaði, afborganir af lánum til girðingarinnar og vöxtum af þeim, skal jafnað niður á allan fjallskilaskyldan fjenað á girðingarsvæðinu og telst 1 hross móti 5 kindum. Allir þeir á girðingarsvæðinu er fjallskilaskyldan fjenað eiga, ábyrgjast sem sjálfskuldarábyrgðarmenn — allir fyrir einn og einn fyrir alla — allar lántökur og fjárgreiðslur vegna girðingarfjelagsins.

Gjöld þessi má taka lögtaki.

3. gr.

Fjelagsmenn eru allir þeir, sem heimili eiga á girðingarsvæðinu og gjaldgreiða til girðingarinnar, og hafa þeir sama atkvæðisrjett um þau mál er girðinguna varða.

4. gr.

Fjelagið kýs sjer 3 manna stjórn, til 1 árs í senn, skal hún hafa alla framkvæmd og umsjón við girðinguna, bæði við uppsetningu og viðhald, jafna niður gjöldum á fjelagsmenn og innheimta þau, einnig skal hún boða til funda fyrir fjelagið o. s. frv.

5. gr.

Stjórn fjelagsins skal kosin á aðalfundi er skal haldinn eigi síðar en í febr. ár hvert. Þá skal og framlögð niðurlögn gjalda og önnur reikningsskil

fjelagsins til samþykktar. Reikningsár fjelagsins er almanaksárið, og öll gjöld **90**
hvers árs fallin í gjalddaga í lok þess. **28. sept.**

6. gr.

Taki ábúendur einhverrar jarðarinnar fjenað til geymslu skal greitt af honum tvöfalt gjald móti gjaldskyldum fjenaði fjelagsmanna, hvort sem fjenaðurinn er lengur eða skemur.

7. gr.

Allur fjallskilaskyldur fjenaður skal rekast til afrjettar að vorinu, svo fljótt, sem hægt er, og er engum heimilt að hafa ótamin hross önnur en söluhross innan girðingarinnar, eftir að stjórnin telur fært að reka til afrjettar, og hefir tilkynt mönnum að reka.

Samþykkt þessi, staðfestist hjermeð samkvæmt girðingalögum nr. 66, 22. nóvember 1913 til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 28. sept. 1926.

Magnús Guðmundsson.

Vígfús Einarsson.

SAMÞYKKT

fyrir

girðingafjelað Ystutungu Stafholtstungnahrepps.

91
15. okt.

1. gr.

Garður hlaðinn úr hraungrjóti skal vera eftir hraunbrúninni frá Norðurá að brúnni á Hrauná; þaðan skal vera vírnetsgirðing með gaddavír ofan á sunnan við Norðurárdalsbrautina þar til skamt fyrir norðan merki milli Munaðarness og Hauga og þaðan til Norðurár. Ennfremur má leggja vírgirðingu milli Munaðarness og Stóru-Grafar.

2. gr.

Girðing þessi er gjörð til nota fyrir ábúendur jarðanna Laxfoss, Litla-Skarð, Grafarkot, Stóru-Gröf og Munaðarnes og bera þeir allan kostnað af